

Bæjarstjórnin í Garðabæ
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.07.2018
Málalýkill	11.0
Mál nr.	1512209

Reykjavík 16. júlí 2018
UST201512-068/G.A.Ó.
06.04.00

Efni: Aðgerðaráætlanir í kjölfar hávaðakortlagningar

Umhverfisstofnun sendi bréf, dagsett 11. desember 2015, þar sem sveitarfélögum sem féllu undir skilgreiningar yfir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári, fyrir þéttbýlissvæði með 100.000 íbúa eða fleiri og á stórum flugvöllum með meira en 50.000 flughreyfingar á ári, voru minnt á að framkvæma hávaðaútreikninga vegna kortlagningu hávaða og gerð aðgerðaráætlana samkvæmt reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir.

Umhverfisstofnun hefur móttengið hávaðakort frá þeim sveitarfélögum sem fengu viðkomandi bréf og í kjölfarið vill stofnunin minna á tímasetningar varðandi gerð aðgerðaráætlana í kjölfar hávaðamælinga vegna kortlagningar hávaða.

Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum (L_{den}) skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Aðgerðaráætlun skal uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í V. viðauka fyrrnefndrar reglugerðar. Sveitarstjórn, hver á sínu svæði, ber ábyrgð á að aðgerðaráætlun sé gerð og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega, rekstraraðila stórra flugvalla á svæðinu og í samráði við heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði.

Umhverfisstofnun hefur móttengið hávaðakort frá Garðabæ og gefa niðurstöður kortlagningarinnar til kynna að hávaði sé yfir umhverfismörkum á afmörkuðum svæðum. Ber sveitarfélaginu því að vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir.

Í 8. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir segir::

„Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Sveitarstjórn, hver á sínu svæði ber ábyrgð á að aðgerðaráætlun sé gerð og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega og rekstraraðila stórra flugvalla á svæðinu. Ennfremur skal við gerð aðgerðaráætlunar haft samráð við heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði. Í aðgerðaráætlun skal á skýran hátt gerð grein fyrir einstökum aðgerðum, áætluðum áhrifum þeirra og

forgangsröðun í samræmi við áherslur og ákvarðanir hlutaðeigandi aðila og skal áætlunin uppfylla lágmarkskröfur viðauka V. Meta skal á a.m.k. fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurskoða aðgerðaáætlanir og oftast ef nauðsyn ber til svo sem þegar umfangsmiklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðinu sem geta haft áhrif á hljóðstig. Sveitarstjórn, hver á sínu svæði, skal auglýsa aðgerðaáætlun og kynna með almennum hætti í sveitarfélaginu. Aðgerðaáætlun skal liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar í a.m.k. fjórar vikur og skal almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við áætlunina. Að loknum kynningartíma skal sveitarstjórn taka athugasemdir sem borist hafa til umfjöllunar og gera breytingar á aðgerðaáætluninni ef ástæða þykir til. Fari gerð aðgerðaáætlana fram samhliða skipulagsgerð, mati á umhverfisáhrifum eða veitingu starfsleyfis fyrir starfsleyfisskylda starfsemi er heimilt að kynna aðgerðaáætlun samhliða kynningu vegna þeirra. Aðgerðaáætlanir skulu sendar Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði viðauka VI.“


Sveitarfélög geta haft samband við Umhverfisstofnun og fengið frekari upplýsingar er viðkemur gerð aðgerðaráætlana. Að auki geta sveitarfélög haft samráð við Margræti Silju Þorkelsdóttur hjá Vegagerðinni þar sem Vegagerðin sá um kortlagningu hávaða á þeim vegum sem stofnunin ber ábyrgð á.

Umhverfisstofnun vill minna á að gerð aðgerðaáætlana samkvæmt hávaðakortum fyrir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári, fyrir þéttbýlissvæði með 100.000 íbúa eða fleiri og stórum flugvöllum með meira en 50.000 flughreyfingar á ári, sem og skil gagna til Umhverfisstofnunar skv. bréfi þessu, skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2018.

Með bréfi þessu fylgir leiðbeiningar um gerð aðgerðaráætlana sbr. Viðauka V.

Virðingarfyllst


Gunnar Alexander Ólafsson
sérfræðingur


Guðrún Lilja Kristinsdóttir
sérfræðingur

Leiðbeiningar fyrir aðgerðaráætlanir

Samkvæmt 8. grein reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr hávaða komi í ljós við hávaða-kortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum.

Ábyrgð

Sveitarstjórn, hver á sínu svæði ber ábyrgð á að gerð sé aðgerðaráætlun og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega og rekstraraðila stórra flugvalla á svæðinu. Ennfremur skal hafa samráð við heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði.

Efnistöð

Í aðgerðaráætlun skal á skýran hátt gerð grein fyrir:

- einstökum aðgerðum
- áætluðum áhrifum aðgerða
- forgangs röðun aðgerða

Aðgerðaráætlun skal vera í samræmi við áherslur og ákvarðanir hlutaðeigandi aðila og skal áætlunin uppfylla lágmarkskröfur viðauka V.

Lágmarkskröfur fyrir aðgerðaráætlanir (viðauki V)

1. Aðgerðaráætlun skal hið minnsta innihalda eftirfarandi atriði:
 - a. Lýsingu á þéttbýli, stórum vegum og öðrum hávaðauppsprettum sem fjallað er um í áætluninni.
 - b. Upplýsingar um viðkomandi sveitarstjórn.
 - c. Upplýsingar um lög og reglur er tengjast gerð aðgerðaráætlunarinnar.
 - d. Gildandi umhverfismörk.
 - e. Yfirlit um niðurstöður hávaðakortlagningar.
 - f. Mat á fjölda fólks sem verður fyrir óþægindum vegna hávaða, greiningu á vandamálum og aðstæðum sem þörf er á að endurbæta.
 - g. Samantekt um þátttöku almennings við gerð áætlunar sbr. 8. gr. (sjá síðar nánar).
 - h. Hávaðavarnir sem þegar eru til staðar og verkefni í undirbúningi.
 - i. Aðgerðir sem hlutaðeigandi stjórnvöld ætla að grípa til næstu fimm ár, þar á meðal aðgerðir til að vernda kyrrlát svæði.
 - j. Langtíma stefnumörkun.
 - k. Kostnaðar upplýsingar (ef fyrirbyggjandi): kostnaðaráætlanir, kostnaðarmat á árangri og kostnaðarmat á úrbótum.
 - l. Áætlaðar ráðstafanir til að meta framkvæmd og niðurstöður aðgerðaráætlana.
2. Aðgerðir sem sveitarstjórnir hyggjast grípa til á viðkomandi sviði geta t.d. innifalið:
 - a. Umferðarskipulag.
 - b. Skipulag landnotkunar.
 - c. Tæknilegar aðgerðir við hávaðauppsprettu.

- d. Val á hljóðlátari uppsprettu.
 - e. Minnkun á hljóðleiðni.
 - f. Aðgerðir eða hvatar sem byggja á reglum eða hagrænum atriðum.
3. Hver aðgerðaráætlun á að innihalda mat á fækkun fólks sem verður fyrir áhrifum (ónæði, svefntruflun eða annað) þegar áætlunin hefur komið til framkvæmda.

Þátttaka almennings

Sveitarstjórn, hver á sínu svæði, skal auglýsa aðgerðaáætlun og kynna með almennum hætti í sveitarfélaginu. Aðgerðaráætlun skal liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar í a.m.k. fjórar vikur og skal almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við áætlunina. Að loknum kynningartíma skal sveitarstjórn taka athugasemdir sem borist hafa til umfjöllunar og gera breytingar á aðgerðaráætluninni ef ástæða þykir til.

Fari gerð aðgerðaáætlana fram samhliða skipulagsgerð, mati á umhverfisáhrifum eða veitingu starfsleyfis fyrir starfsleyfis skylda starfsemi er heimilt að kynna aðgerðaráætlun samhliða kynningu vegna þeirra.